

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Rangárþings ytra, nr. 1275/2014.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a. 2. töluliður B-liðar verður svohljóðandi: *Skipulags- og umferðarnefnd* skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Nefndin skal skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Skipulags- og umferðarnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.
- b. 4. töluliður B-liðar verður svohljóðandi: *Heilsu-, íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- c. Við B-lið bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svohljóðandi og breytast númer annarra töluliða til samræmis: *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa erindisbréf um verkefni sín.
- d. 1. töluliður C-liðar verður svohljóðandi: *Héraðsnefnd Rangæinga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Héraðsnefnd Rangæinga annast þau verkefni sem henni eru ætluð skv. samningi sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og samþykktum þeirra. Héraðsnefndin annast útgáfu Goðasteins, héraðsrits Rangárvallasýslu, skipar stjórn Skógasafns, gróðurverndarnefnd Rangárvallasýslu, umferðarnefnd Rangárvallasýslu og fulltrúa sveitarfélaganna í öldungaráð. Héraðsnefndin semur og setur fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu auk annarra verkefna sem henni eru falin með samkomulagi sveitarfélaganna svo sem umsjón sameiginlegra eigna.
- e. Við C-lið bætist nýr töluliður, 17. töluliður, svohljóðandi: *Tónlistarskóli Rangæinga bs*. Einn aðalmaður og annar til vara. Hlutverk byggðasamlagsins er að annast rekstur tónlistarskóla fyrir hönd sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu. Markmiðið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu söngs og tónlistarstarfs í héraðinu.
- f. Við C-lið bætist nýr töluliður, 18. töluliður, svohljóðandi: *Suðurlandsvegur 1-3 hf*. Þrír aðalmenn og þrír til vara til setu á aðalfundi félagsins í samræmi við samþykktir þess. Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur á fasteignunum Suðurlandsvegi 1–3 á Hellu.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 6. ágúst 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.